



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 25. júní 2013

Eftirfylgni vegna athugunar Fjármálaeftirlitsins á starfsemi Stafa lífeyrissjóðs

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á starfsemi Stafa lífeyrissjóðs. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan tiltekinna tímamarka. Hinn 7. janúar 2013, birti Fjármálaeftirlitið gagnsæistilkynningu þar sem gerð var grein fyrir helstu athugasemdum stofnunarinnar við starfsemi sjóðsins. Tilkynninguna má nálgast [hér](#).

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að stjórn sjóðsins fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram komu í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda barst eftirlitinu í mars 2013. Það er mat Fjármálaeftirlitsins, með hliðsjón af greinargerðinni, að lífeyrissjóðurinn hafi að mestu brugðist með viðeigandi hætti við þeim ábendingum og athugasemdum sem gerðar voru.